



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 13. apríl 2023

Tilvísun: 2021100170

Tilvísun yðar:

Umboðsmaður Alþingis
Maren Albertsdóttir
Þórshamri, Templarasundi 5
101REYKJAVÍK

Vegna úttektar á fangageymslum lögreglustjórans á Suðurnesjum

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis dags. 27. október 2021 og einnig bréfs dags. 24. janúar sl., þar sem óskað er viðbragða embættis ríkislögreglustjóra við skýrslu er ber heitið Heimsóknarskýrla Lögreglustjórinn á Suðurnesjum – fangageymslur, en um er að ræða OPCAT-eftirlit með stöðum þar sem frelsisviptir dvelja. Athugunin fór fram dagana 20.-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021. Í skýrslu umboðsmanns vegna úttektar á fangageymslu lögreglustjórans á Suðurnesjum, er farið yfir tiltekin atriði sem óskað er viðbragða embættisins við, sérstaklega vísast hér til umfjöllunar í 4.-5. og 7.-9. kafla skýrslunnar.

Það er rétt að taka fram í upphafi að embætti ríkislögreglustjóra er búið að vera með um nokkurt skeið í vinnslu almennar verklagsreglur fyrir lögreglu um aðbúnað og lágmarksviðmið er varða fangageymslur lögreglu. Við þá vinnu er farið yfir og farið eftir þeim ábendingum sem fram hafa komið í skýrslum umboðsmanns Alþingis, ekki bara hvað varðar embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum, heldur öll lögregluembætti. Einnig þarf að fara yfir skýrslu Amnesty International í tengslum við þá vinnu, sem var gefin út í upphafi árs 2023 og ber heitið “Waking up to nothing” Harmful and unjustified use of pre-trial solitary confinement in Iceland, en Amnesty stendur fyrir málþingi um skýrsluna nú um miðjan apríl. Sú vinna hefur því miður dregist vegna annarra og ófyrirséðra stórra verkefna sem hafa komið upp. Vinnan er komin nokkuð á veg, en embættið hefur einnig verið að styrkja starfsemi þess á síðustu misserum, m.a. með ráðningu starfsmanns sem mun vinna að verklagsreglum sem þessum. Öll lögregluembætti landsins, sem og ríkissaksóknari sem æðsti handhafi ákærvalds, þurfa að hafa aðkomu að gerð þessara verklagsreglna.

Ábendingu er beint til bæði ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytis um að aðbúnaður í fangageymslu lögreglunnar á Suðurnesjum sé almennt ekki fullnægjandi til vistunar í lengri tíma

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

en sólarhring, þegar verið er að vista menn þar sem grunur er um vörslu fíkniefna innvortis. Að mati embættis ríkislöggreglustjóra þarf að fara heildstætt yfir þetta álitaefni, s.s. með því að setja inn lágmarksviðmið í þær verklagsreglur sem nefndar hafa verið, í samráði við embætti ríkissaksóknara.

Þeim tilmælum er beint til ríkislöggreglustjóra að tryggja aðkomu heilbrigðisstarfsfólks vegna vistunar fólks vegna innvortis mála til skoðunar, með það að augum að tryggja öryggi þeirra, s.s. með eftirliti heilbrigðisstarfsmanns eða nálægðar við bráðaþjónustu. Hér skal tekið fram að samtal hefur átt sér stað hjá einstaka embættum við heilbrigðisstofnanir um útfærslu slíkrar þjónustu. Það samtal þarf að þroa áfram, sem og að kveðið verði á um ákveðin lágmarksviðmið um slíka þjónustu og hvernig framkvæmd skuli vera í þeim almennu verklagsreglum sem nefndar hafa verið. Þá er embætti ríkislöggreglustjóra upplýst um að embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum hefur yfirfarið verklagsreglur vegna handtekinna manna og endurútgefið, en þar hefur verið settur upp gátlisti hvenær eigi að óska eftir lækni í fangageymslu vegna handtekinna manna.

Hvað varðar ábendingu í lið 5.4 er varðar aðbúnað til lengri vistunar, þá er það rétt að fangageymsla hentar ekki fyrir slíka vistun, eins og hún er útbúin í dag. Hér þarf að hafa í huga að ráðast þarf í fjárfestingu til að bæta slíkan aðbúnað, sem og mögulega að endurmets starfsmannaþörf og staðsetningu. Hér þarf því virkt samtal milli löggreglustjórans á Suðurnesjum og dómsmálaráðuneytis um hvernig megi bregðast við því, með aðkomu ríkislöggreglustjóra hvað varðar lágmarksskilyrði sem slík aðstaða þarf að uppfylla, t.d. í fyrrnefndum verklagsreglum.

Hvað varðar mönnun í fangaklefum þegar handteknir einstaklingar vistast þar sbr. lið 7, þá er ráðgert að taka á slíkum atriðum í verklagi fyrir löggreglu. Embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum hefur þegar sent dómsmálaráðuneytinu ábendingu um almenna mönnun embættisins.

Vonir embættis ríkislöggreglustjóra standa til þess að vinna við framangreindar verklagsreglur, sem og samtal við dómsmálaráðuneytið verði lokið á haustmánuðum. Hins vegar er ljóst að þau atriði sem nefnd eru í skýrslu umboðsmanns, t.d. hvað varðar aðgang að heilbrigðisþjónustu, verður að vera unnið í samráði við heilbrigðisyfirvöld, með þeirra aðkomu sem er lykilforsenda þess að veita viðundandi heilbrigðisþjónustu í fangageymslum löggreglu.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á svörum, en það helgast af miklum önnum hjá embættinu, auk þess sem áætlað var að ljúka við gerð verklagsregnanna áður en erindinu yrði svarað.

F.h. RLS

Helgi Valberg Jensson,
yfirlögfræðingur.